

Dags. fundar: 17. nóvember 2011	Tími: 17.00	Nr. fundar: 16
Fundarboðari: Svanhvít Jóhannesdóttir.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Önnur störf en dómgæsla á sundmót og frágangur móta.
2. Dómaramál.
3. NMU 9.-11. desember 2011
4. Reglugerðarbreytingar.

Viðstaddir: Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsdóttir, Steinunn R. Einarsdóttir, Ragnhildur Guðjónsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Dagskrá:

1. Steinunn hefur tekið saman hvaða atriði verða að vera í lagi við mótahald s.s. mönnun starfa og frágangur á gögnum o.fl. Ýmislegt hefði mátt fara betur á nýafstöðnu ÍM25.
2. Trúnaðarmál.
3. NMU verður haldið í Laugardalslauginni 9.-11. desember n.k. Gunnlaugur mun halda utan um starfsmannaskráningu. Beðið er eftir dagskrá mótsins til að hægt sé að kalla eftir starfsfólki. Fleiri alþjóðleg mót verða haldin á þessu sundári s.s. RIG, Gullmót KR, ÍM50, Landsbankamót ÍRB og Vormót SH.
4. Stjórn SSÍ hefur samþykkt breytingar á dómarahluta í reglugerð sinni. Beðið er eftir lokafrágangi á breytingunum áður en hægt er að senda þær til sunddómara en á ÍM25 tók sú breyting gildi að hver starfsmaður fær 5 punkta fyrir hvern mótshluta. Einnig sú breyting að endurmenntunarnámskeið gaf 5 punkta. Í kjölfar þeirrar breytingar að allir starfsmenn SSÍ móta, alþjóðlegra móta og Íslandsmeistaramóta fatlaðra sem koma úr röðum dómara fá 5 punkta fyrir hvern mótshluta verður starfsmannaskjali mótanna breytt þannig að allir starfsmenn kvitta, ekki bara dómara eins og verið hefur hingað til. Starfsmenn í tækniherbergi, riðlastjóri, mótstjóri og starfsmenn í öðrum störfum eiga því að vera viðstaddir tæknifund áður en mótshluti hefst.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Vinna í tækniherbergi, reglur	SRE	Sem fyrst
Breyting á starfsmannaskjali, bæta við öðrum starfsmönnum	GÞ	Fyrir NMU

Fylgiskjöl: Dómaralistar.

Fundi slitið kl: 18:30.

Næsti fundur: Í kringum lokaskráningu á NMU. Nefndin hittist til að fara yfir tíma skráðra sundmanna.